

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Mál no. 389 / álit Hlusta ehf. og Lestu ehf.

Óskað var eftir álit Hlusta ehf. hljóðbókaútgáfu, kt: 570309-0560, vegna þingsályktunartillögu, mál no. 389. Skemmt er frá að segja að forráðamenn Hlusta ehf. treysta sér illa til að meta heildaráhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til í ályktuninni, enda umtalsverðar. Áhrifin gætu þó orðið veruleg fyrir fyrirtækið að okkar mati og einnig framkallað verulegar breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi, þar sem einkaaðilar og almenningsbókasöfn hafa séð hlustendum, sem ekki eiga við leserfiðleika að etja, fyrir hljóðbókum.

Fagna ber auknu aðgengi að hljóðbókum og eflaust mundi slíkt aðgengi sem um er rætt í tillögunni auka áhuga almennings á hljóðbókum og bókmenntum en jafnframt eru ætluð áhrif tillögunnar neikvæð fyrir fyrirtækið Hlusta ehf., enda fjármagnar það fyrirtæki sig alfarið á áskriftartekjum. Auk þess getur fyrirtækið ekki mætt því úrvali sem Blindrabókasafnið hefur fram að bjóða af nýju afþreyingarefni, m.a. vegna lagalegrar sérstöðu safnsins, sem veitir því sérstakar heimildir. Hlusta ehf. leggur áherslu á íslenskar bókmenntir fram að miðri síðustu öld svo og námsefni, sérstaklega ítarefni, þ.e. oft eldri námsbækur. Slík þjónusta er til viðbótar við þá þjónustu sem Blindrabókasafnið veitir, þótt þjónusta Hlusta ehf. (Hlusta.is) sé ætluð öllum almenningi og byggi á markaðslausn.

Almennt teljum við réttast að leitað sé að markaðslausnum, en umrædd tillaga virðist ekki lúta þeim lögmaðlum. Af þeim sökum eigum við erfitt með að mæla með þessari lausn. Ef lengra verður samt haldið þá beinum við þeim tilmælum til höfunda tillögunnar að þeir gæti jafnræðis og sanngirni þegar hugað er að mismunandi rekstrargrundvelli útgáfuaðila, þ.e. í aðgengi að höfundarverkum og framlögum ríkisins.

Undirrituðum hefur jafnframt verið falið að koma sjónarmiðum Lestu ehf. rafrábokaútgáfu, kt: 581010-0950, á framfæri ef tillagan nær til slíkrar útgáfu. Sjónarmið forráðamanna Lestu ehf. (Lestu.is) eru öll hin sömu og fram koma hér að ofan, þ.e. að allir eigi að sitja við sama borð hvað varðar framlög og lagalega stöðu í útgáfu og dreifingu hljóð- og rafráboka á almennum markaði.

Virðingarfyllst,
f.h. Hlusta ehf. og Lestu ehf.
Aðalsteinn Júlíus Magnússon

